

Skýrsla umdæmisritara til 40. Umdæmisþings

Kópavogi 10-13 september 2010

Eitt af hlutverkum umdæmisritara er að halda utan um mánaðarskýrslur frá klúbbunum í umdæminu og taka saman stöðu þeirra og leggja fram í skýrslu. Skýrslan sem ég legg fram núna nær frá upphafi starfsárs til enda maí. Þar sem lítið er um að vera hjá klúbbunum á sumrin mega þeir skila sumarmánuðunum þremur saman í einni skýrslu í byrjun september og því eru þær ekki með núna. Skýrsluskilin hafa verið mjög góð í vetur og það ber að þakka riturunum, einnig svæðisstjórunum sem hafa ýtt á eftir þeim skýrslum sem hafa vantað. Mér hafa borist 260 skýrslur frá þeim 34 klúbbum sem eru í umdæminu, það vantar 12 skýrslur sem eru nær eingöngu maí skýrslur en einhver misskilningur er hjá riturum að maí megi skila með sumarmánuðunum. Ástæðan fyrir þessu er sú að margir klúbbar fara í frí eftir apríl og því er ekkert að gerast hjá þeim í maí. Með nokkrum skýrslum fékk ég alltaf senda með punkta þar sem ritarnir sögðu nánar frá hvað var að gerast í klúbbnum þeirra og langar mig að þakka þessum riturum fyrir því það er alltaf gaman að fá að vita eitthvað meira um klúbbinn heldur en það sem kemur fram á mánaðarskýrslunni sjálfri. Á skýrslunum kemur fram að klúbbarnir eru að skila mjög góðu og kraftmiklu starfi, hvort sem þeir eru fámennir eða fjölmennir. Samkvæmt skýrslunum eru flestir klúbbar með tvo fundi í mánuði og stjórnarfundir eru tveir nánast í öllum klúbbunum. Kiwanisfélagar eru mjög duglegir við að heimsækja aðra klúbba, mæta á svæðisráðsfundi, fara í afmæli klúbba og skemmta sér saman. Það er sem sagt mjög lifandi og skemmtilegt starf í nánast öllum klúbbunum í umdæminu.

Í upphafi starfsárs voru Kiwanisfélagar í Umdæminu Ísland – Færeyjar 882 en samkvæmt maí skýrslum frá klúbbunum voru þeir 901. Það hafa 43 gerst Kiwanisfélagar á þessu mánuðum sem skýrslan mín nær yfir og því ber að fagna því það er alltaf gaman og nauðsynlegt að fá nýtt fólk til liðs við okkur. Aftur á móti hafa 24 yfirgefið hreyfinguna, fallið frá eða hætt.

Ég hef lagt mikla vinnu í það halda utan um félagafjöldann og passað upp á að fjöldi félaga sem kemur fram á skýrslum frá ritunum beri saman við félagatal umdæmisins sem nú er aðgengilegt öllum klúbbunum á kiwanis.is. Í vetur var aðgangsorð að félatalinu sent öllum riturum klúbbanna og er það því nú á ábyrgð þeirra að uppfæra félagatalið eins og breytt heimilsföng, símanúmer og aðrar nauðsynlegar upplýsingar. Eins eiga ritarar nú að skrá nýja félaga og félaga sem hætta, þegar það er gert fær umdæmisritari sjálfvirkian tölvupóst um að breyting hafi átt sér stað. Einhverjir klúbbar eru ekki að nýta sér aðganginn að félagatalinu og langar mig að hvetja alla klúbba til þess að nýta sér hann og ef aðgangsorð vantar þá endilega hafa samband.

Meðalmætingar prósentan á þessum átta mánuðum er 76% sem verður að teljast mjög gott og er aukning frá síðasta ári þegar meðalmætingar prósentan var 67%. Ég hefði samt viljað sjá fleiri mætingarviðurkenningar á skýrslunum því samkvæmt heimsóknum á milli klúbba og mætingum á svæðisráðsfundi ættu þær að vera mun fleiri. Þannig að mætingar prósentan er í raun hærri heldur en kemur fram. Kiwanisfélögum finnst greinilega gaman að mæta á fundi og taka þátt í því starfi sem er í klúbbunum.

Klúbbarnir hafa safnað í styrktarsjóði sína um 25 milljónir frá upphafi starfsárs og hafa þeir veitt úr styrktarsjóðum um 24 milljónir. Þetta verður að teljast glæsilegt því ótalinn er sá styrkur frá Eimskip vegna hjálmaverkefnis. Kiwanisfélagar hafa unnið í samtals 14.341 klst á

Þessu tímabil, þetta segir okkur hvað starfið er gífurlega öflugt og hvað félagar leggja mikið á sig í þágu hreyfingarinnar. Enda fátt eins gefandi eins og að láta gott af sér leiða.

Varðandi mánaðarskýrslurnar þá langar mig að hvetja ritara næsta starfsárs til þess að mæta í boðaða fræðslu sem verður í tengslum við þingið, því það virðist vera að það þurfi aðeins að skerpa á því hvernig skýrslurnar eru fylltar út. Það skiptir svo miklu máli að skýrslurnar séu alltaf rétt útfylltar svo þær sýni raunverulega stöðu klúbbanna.

Umdæmisritarastarfið snýst um fleira heldur en að taka á móti skýrslum frá klúbbunum eins og t.d. að vinna og gefa út félagatal umdæmisins í samstarfi við tenglið gagnagrunnsins. Það er alveg ótrúlega mikil vinna sem fer í það að safna upplýsingum frá klúbbunum eins og að fá mynd af forseta og upplýsingar um næstu stjórn. Þessar upplýsingar eiga að berast umdæmisritara með maí skýrslu en aðeins örfáir standa skil á þessu, allt hefst þetta þó að lokum. Umdæmisritari situr einnig alla framkvæmdastjórnarfundi og umdæmisstjórnarfundi og ritar fundargerðir. Fundargerðir frá umdæmisstjórnarfundum eru settar inn á heimasíðuna okkar, kiwanis.is og vil ég hvetja alla til að lesa þessar fundargerðir og fylgjast þannig með hvað er að gerast í hreyfingunni. Umdæmisritari tekur líka þátt fræðslu með fræðslunefnd umdæmisins og er þá farið yfir öll samskipti og væntingar umdæmisritara til verðandi embættismanna klúbbanna og verðandi svæðisstjóra ásamt því að farið er yfir mánaðarskýrsluna.

Að vera umdæmisritari er mjög krefjandi starf en jafnframt skemmtilegt, gefandi og lærdómsríkt. Ég hef nú setið tvö ár í þessum embætti og hef ég kynnst mjög mörgu skemmtilegu og jákvæðu Kiwanisfólki um land allt og langar mig að þakka yfir þessu frábæru kynni og gott samstarf.

Hjördís Harðardóttir
Umdæmisritari 2009-2010



